

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/13

frá 11. desember 1997

um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/613/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan (*)

(97/830/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/613/EB frá 8. september 1997 um tímabundna stöðvun innflutnings á pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan ⁽²⁾ gildir til 15. desember 1997 og ber að fella hana úr gildi.

Í ljós hefur komið að pistasíuhnetur, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, innihalda í mörgum tilvikum meira magn en leyfilegt er af aflatoxíni B1.

Vísindanefndin um matvæli hefur komist að þeirri niðurstöðu að aflatoxín B1 valdi lifrarkrabbameini, jafnvel í mjög litlu magni, auk þess sem það er erfðaeitur.

Þetta er alvarleg ógnun við lýðheilsu í Bandalaginu og er brýnt að samþykkja verndaráðstafanir á vettvangi Bandalagsins.

Farið hefur fram rannsókn á hollustuháttum í Íran og leiddi hún í ljós að bæta þarf hollustusamlegar starfsvenjur og auðvelda rekjanleika pistasíuhnetna. Sendinefndin gat ekki athugað alla þætti í meðhöndlun á pistasíuhnetum áður en útflutningur átti sér stað. Írönsk yfirvöld hafa skuldbundið sig til að gera úrbætur, einkum í tengslum við framleiðslu, meðhöndlun, flokkun, vinnslu, pökkun og flutning. Það er því viðeigandi að setja sérstök skilyrði um pistasíuhnetur eða afurðir, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, til að tryggja trausta lýðheilsuvernd.

Heimilt er að flytja inn pistasíuhnetur og afurðir unnar úr þeim sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, að því tilskildu að þessi sérstöku skilyrði séu uppfyllt.

Fylgja þarf hollustusamlegum starfsvenjum við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning á pistasíuhnetum og afurðum unnum úr pistasíuhnetum, Akvarða þarf magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína í sýnum sem eru tekin úr vörusendingum rétt áður en þær eru sendar frá Íran.

Írönsk yfirvöld þurfa að leggja fram skrifleg sönnunargögn sem fylgja skulu hverri vörusendingu pistasíuhnetna, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, og varða skilyrði við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning og niðurstöður úr efnagreiningu á rannsóknarstofu á magni aflatoxíns B1 og heildarmagni aflatoxína í sendingunni.

Naðsynlegt er að afhenda sýni úr pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í þriðja landi eða sendar þaðan, til efnagreiningar til að ákvarða magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína. Í þessu skyni skulu fullgerðar samræmdar, opinberar áætlanir um eftirlit með matvælum.

Samráð var haft við aðildarríkin 29. október 1997 og 10. nóvember 1997.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun fellir úr gildi ákvörðun 97/613/EB frá 08. september 1997 um tímabundna stöðvun innflutnings á pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan.

2. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn:

— pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númer 0802 50 00,

— ristaðar pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númer 2008 19 13 og 2008 19 93,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 343, 13.12.1997, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 175, 19. 7. 1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 248, 11. 9. 1997, bls. 33.

sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, svo fremi hverri vörusendingu fylgi niðurstöður úr opinberri sýnatöku og greiningu ásamt heilbrigðisvottorði, skv. I. viðauka, sem er útfyllt, undirritað og vottað af fulltrúa heilbrigðisráðuneytis Írans.

2. Einungis er heimilt að flytja pistasíuhnetur og afurðir, unnar úr þeim, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, inn í Bandalagið um einn af komustöðunum sem tilgreindir eru í II. viðauka.

3. Hver vörusending skal auðkennd með kenninúmeri sem samsvarar kenninúmerinu á niðurstöðunum úr opinberu sýnatökunni og greiningunni og á heilbrigðisvottorðinu sem um getur í 1. mgr.

4. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu sjá til þess að fram fari sannprófun skjala fyrir innfluttar pistasíuhnetur, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, til að tryggja að farið sé að kröfum, sem um getur í 1. mgr., um heilbrigðisvottorð og niðurstöður úr sýnatöku.

5. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að tekin séu sýni kerfisbundið úr hverri afurðasendingu áður en afurðin er flutt frá komustað og sett á markað í Bandalaginu og þau efnagreind með tilliti til aflatoxíns B1 og heildarmagns aflatoxína. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þessara efnagreininga.

3. gr.

Þessa ákvörðun skal endurskoða fyrir 31. október 1998 í þeim tilgangi að meta hvort þau sérstöku skilyrði, sem um getur í 2. gr., veiti nægilega trausta lýðheilsuvernd í Bandalaginu. Í endurskoðuninni skal einnig meta hvort áfram sé þörf fyrir þessi sérstöku skilyrði.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Kenninúmer vörusendingar: númer vottorðs:

HEILBRIGÐISVOTTORÐ FYRIR INNFLUTNING TIL EVRÓPUBANDALAGSINS Á PISTASÍUHNETUM OG TILTEKNUM AFURÐUM UNNUM ÚR ÞEIM SEM ERU UPPRUNNAR Í ÍRAN EÐA SENDAR ÞAÐAN

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/830/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á pistasíuhnetum sem falla undir SAT-númer 0802 50 00 og afurðir úr þeim, sem falla undir SAT-númer 2008 19 13 og 2008 19 93, sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan, er því hér með lýst yfir

að
(heilbrigðisyfirvald sem heyrir beint undir heilbrigðisráðuneyti Íslamska lýðveldisins Írans)

VOTTAR:

að pistasíuhneturnar í þessari vörusendingu, kenninúmer..... (færið inn kenninúmer vörusendingar) sem er:

.....
.....

(lýsing á vörusendingu og vöru, fjöldi og tegund pakkinga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í
(fermingarstaður)

af
(nafn flytjanda)

fer til
(ákvörðunarstaður og -land)

kemur frá starfsstöðinni

.....
.....

(nafn og póstfang starfsstöðvar)

hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við hollustusamlegar starfsvenjur.

Úr þessari vörusendingu voru tekin (fjöldi sýna) sýni úr pistasíuhnetum hinn (dags.), og efnagreind (dags.) í (heiti rannsóknarstofu) rannsóknarstofu heilbrigðisráðuneytisins í Íslamska lýðveldinu Íran til að ákvarða magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína og með fylgja allar upplýsingar um sýnatöku, greiningaraðferðir og allar niðurstöður.

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift
fulltrúa heilbrigðisráðuneytis
Íslamska lýðveldisins Írans



II. VIÐAUKI

Skrá yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Evrópubandalagið pistasíuhnetur og afurðir unnar úr þeim sem eru upprunnar í Íran eða sendar þaðan

Aðildarríki	Komustaður
BELGIQUE-BELGIE	Antwerpen, Zeebrugge, Brussel/Bruxelles, Aalst
DANMARK	Allar danskar hafnir og flugvællir
DEUTSCHLAND	HZA Lörrach — ZA Well am Rhein-Autobahn, HZA Stuttgart — ZA Flughafen, HZA München-Flughafen. HZA Hof — ZA Schirnding, HZA Weiden — ZA Furth im Wald-Schafberg, HZA Weiden — ZA Waidhaus-Autobahn, Bezirksamt Reinickendorf von Berlin, Abteilung Finanzen, Wirtschaft und Kultur, Veterinär- und Lebensmittelaufsichtsamt, Grenzkontrollstelle, HZA Frankfurt (Oder) — ZA Autobahn, HZA Cottbus — ZA Forst-Autobahn, HZA Bremen — ZA Neustadter Hafen, HZA Bremerhaven — ZA Container Terminal, HZA Bremerhaven — ZA Rotersand, HZA Hamburg-Freihafen-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Freihafen — ZA Ericus-Abfertigungsstelle Sudbahnhof, HZA Hamburg-Freihafen — ZA Köhlfleedamm, HZA Hamburg-St. Annen — ZA Altona, HZA Hamburg- Waltershof-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Waltershof — ZA Flughafen, HZA Frankfurt am Main-Flughafen, HZA Braunschweig-Abfertigungsstelle, HZA Hannover-Abfertigungsstelle, HZA Lüneburg — ZA Stade, Stadtverwaltung Dresden, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle Dresden-Friedrichstadt (für Bahntransport), Landratsamt Weisse-ritzkreis, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle (für Straßentransport), Landratsamt Niederschlesischer Oberlausitzkreis Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle Ludwigsdorf (für Straßentransport), HZA Itzehoe — ZA Pinneberg
ΕΛΛΑΔΑ	Αθήνα, Πειραιάς, Ελευσίνα, Αερολιμένας Αθηνών, Θεσσαλονίκη, Βόλος, Πάτρα, Ηράκλειο Κρήτης, Αερολιμένας Κρήτης, Εύζωνοι, Ειδομένη, Ορμένιο, Κήποι, Κακαβιά, Νίκη, Προμαχώνας, Πύθιο, Ηγουμενίτσα, Κρυσταλλοπηγή
ESPAÑA	Algeciras (Puerto), Alicante (Aeropuerto, Puerto), Almeria (Aeropuerto, Puerto), Barcelona (Aeropuerto, Puerto), Bilbao (Aeropuerto, Puerto), Cadiz (Puerto), Cartagena (Puerto), Gijón (Aeropuerto, Puerto), Huelva (Puerto), La Coruña-Santiago de Compostela (Aeropuerto, Puerto), Las Palmas de Gran Canaria (Aeropuerto, Puerto), Madrid-Barajas (Aeropuerto), Malaga (Aeropuerto, Puerto), Palma de Mallorca (Aeropuerto), Pasajes-Irun (Aeropuerto, Puerto), Santa Cruz de Tenerife (Aeropuerto, Puerto), Santander (Aeropuerto, Puerto), Sevilla (Aeropuerto, Puerto), Tarragona (Puerto), Valencia (Aeropuerto, Puerto), Vigo-Vilagareia (Aeropuerto), Marin (Puerto), Vitoria (Aeropuerto), Zaragoza (Aeropuerto)
ITALIA	Ufficio Sanità marittima ed aerea di Ancona Ufficio Sanità marittima ed aerea di Bari Ufficio Sanità marittima ed aerea di Genova Ufficio Sanità marittima di Livorno Ufficio Sanità marittima ed aerea di Napoli Ufficio Sanità marittima di Ravenna Ufficio Sanità marittima di Salerno Ufficio Sanità marittima ed aerea di Trieste
LUXEMBOURG	Centre douanier, Croix de Gasperich, Luxembourg
NEDERLAND	Rotterdam
ÖSTERREICH	Nickelsdorf, Spielfeld
PORTUGAL	Lisboa

Aðildarríki	Komustaður
SUOMI-FINLAND	Helsinki
SVERIGE	Göteborg
UNITED KINGDOM	Channel Tunnel Terminal, Dover, Felixstowe, Gatwick Airport, Goole Grangemouth, Harwich, Heathrow Airport, Heysham, Hull, Immingham, Ipswich, King's Lynn, Leith, Liverpool, London (þ.m.t. Tilbury og Thamesport), Manchester Airport, Manchester Container Port, Manchester, þ.m.t. Ellesmere Port, Middlesborough, Newhaven, Poole, Shoreham, Southampton